

skal við upphaf verðlagsárs gera áætlun um hversu mikið muni innheimtast yfir sumarmánuðina og hversu hátt álag kunnir að koma á verð mjólkur á áður nefndum mánuðum og kynna hana framleiðendum á svæðinu.

6. gr.

Við lok álagningar gjalds fyrir hvern mánuð, skv. 3. gr., skal sá aðili sem með framkvæmdina fer reikna hverju álagt gjald í mánuðinum nemur að meðaltali á lítra mjólkur sem greiðast skal með álagi skv. 5. gr. Það álag sem þannig er fundið á lítra mjólkur skal greiða framleiðendum eigi síðar en með greiðslu fyrir mjólk innvegna í mánuðinum þar á eftir.

7. gr.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði er varða reglugerð þessa, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

8. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða refsingu skv. 59. gr. l. nr. 46 27. júní 1985.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 22. gr. l. nr. 46 27. júní um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á verðlagsárinu 1985/86 skal það gjald sem innheimt er vera 7,5% af verði mjólkur í maímánuði og 12,0% af verði mjólkur í mánuðunum júní og júlí. Á sölusvæði Mjólkursamlags Ísfirðinga skal gjaldið þó vera 12,0% í júní, júlí og ágúst og endurgreiðast á innvegna mjólk í mánuðunum október til og með mars. Að öðru leyti fer um innheimtu og endurgreiðslu gjaldsins á verðlagsárinu eftir ákvæðum reglu í 1.—9. gr. reglugerðarinnar.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. júní 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 207/1986.

A. 4. Sumarbústaðanotkun.

Orkugjald lækki úr 2,16 kr./kWh í 1,97 kr./kWh

Gjaldskrárbreyting þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní 1986 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 3. júní 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.